


3 Svefnherbergi Þakíbúð - Penthouse in Torrevieja

Ref: P755

**Húsið er
Selt**



Tegund eignar : Þakíbúð -
Penthouse

Bæjarfélag / Hverfi :
Torrevieja

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 3

Baðherbergi : 3

Byggingarár : 2026

Sundlaug : Einka

Garður : Í sameign

Eignin snýr : til suðurs

Útsýni : Sjávarútsýni

Bílastæði : N/A

**Fermetra stærð
eignar :** 86,88 m²

Stærð verandar : 23,42 m²

Stærð þaksvala : 69,1 m²

Flugvöllur : 40

Strönd : 5

Borg : 2

Golf : 15

✓ Hiti í gólf

✓ Verönd

✓ Sána

✓ Þaksvalir

✓ Lyfta

✓ Loftkæling

Mjög vandaðar og falleg þakíbúð aðeins 2 mínútum gangandi frá ströndinni í líflegu borginni Torrevieja og öll nauðsynleg þjónusta og afþreying s.s. matvöruverslanir, veitingahús, barir, bankar og apótek í göngufæri, að auki er ekki nema 10 mín keyrsla í verslunarmiðstöðvarnar Habaneras og Zenia Boulevard.

Þakíbúðin er 216,46 m² (86,88 m² nýtanlegir), með 3 svefnherbergjum og 3 baðherbergjum með hita í gólfum. Rúmgott alrými með fullbúnu eldhúsi með hágæða heimilistækjum frá Bosch, og stofu en frá þeim er gengið út á svalir sem snúa í suður og þaksvalir með einkasundlaug, sánu og útigrilli. Einnig fylgir íbúðinni aðgangur að sameiginlegu svæði.

Stutt er jafnframt að rölta til hafnarinnar í Torrevieja, en þar má meðal annars finna glæsilega veitingastaði, tívoli, báta, sæpotu leigur og kafbátasafnið í Torrevieja. Ekki sakar að tylla sér niður á rúmgóða verönd eins hinna fjölmörgu veitingastaða eða bara sem eru við höfnina og njóta þar síns uppáhalds kokteils í góðum félagsskap - með óhindrað útsýni til sjávar þar sem milt veðurlagið gerir alla daga að góðum dögum.

Fyrir náttúru unnendur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla meðfram hinum frægu salt vötnum Torrevieja/La Mata, heimili hinna bleiku flamingo fugla og njóta þar fjölbreyttrar og fallegrar náttúru og lífríkis. Auk þess er ekki úr vegi að rölta á björtu síðdegi meðfram Playa les Ortigues ströndinni sem liggur milli Torrevieja og strandbæjarins Guardamar, en þessi strönd er verndað náttúrusvæði þar sem hinn einstaklega hlýja og ósnortna náttúra Miðjarðarhafsins fær að njóta sín. Strandlengja þar sem sandhólar, náttúrulegur gróður og dýraríki ráða ríkjum, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 10 mínútna ökufjarlægð að heiman.

Vertu velkomin að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um þessa einstöku eign!